

Börn og náttúra

Það þótti tíðindum sæta þegar fyrstu leiktækin voru sett upp fyrir börn við barnaheimilið Grænuborg í Reykjavík að tilstuðlan Barnavinafélagsins Sumargjafar. Leiktæki, börnum ætluð, á afgirtu, “grænu túni” eins og einn af forsvarsmönnum Sumargjafar orðaði það þegar hann lýsti þeirri framför að bæjarbörnin, sem svipt voru hollri og öruggri útivist sveitanna, gætu nú unað við leiki í öruggri fjarlægð frá solli og hættum götunnar.

Á þeim áratugum sem liðnir eru, hefur mikið vatn runnið til sjávar, tímarnir breyst og mennirnir með – en þó bæði seint og illa eins og oft vill verða með okkur. Aftur er kominn tími á byltingu í aðbúnaði barna – rétt eins og þurfti þegar hinir stórhuga frumkvöðlar Sumargjafar fóru af stað á sínum tíma.

Ekkert drullumall, takk!

Í dag eru öll leiksvæði barna kyrfilega afgirt, ekki aðeins leikskólalóðirnar, og engu barni býðst að komast í snertingu við umhverfið utan girðingarinnar nema í öruggri fylgd fullorðinna - sem oftast nær fara akandi allra sinna ferða þannig að ekki er snertingin mikil. Aðgengi að auðum svæðum og óskipulegri órækt er orðin fortíð sem fyrstu kynslóðir þéttbýlisbarna muna eftir en börnin okkar í dag eru vernduð fyrir og haldið frá - enda ekki skipulagt og unnið af manna völdum til að veita börnum afþreyingu og foreldrum trausta gæslu. Þar með hafa börn verið svipt réttmætum möguleikum á að kanna tilveruna með öllum skilningarvitum; róta í órækt, drullumalla í moldarhaugum, safna glerbrotum og óskasteinum og tína njóla, fifla og önnur eðalblómstur. Allt er orðið svo ósköp snyrtilegt að hvergi má á sjá; hvergi má barn drullumalla og njóli og fiflar eru settir í flokk illgresis ásamt öðru því sem vex og dafnar án nokkurrar stjórnar frá mannskepnunni.

Grænt tún varð að grárri ofbeit

Hið “græna tún” er löngu orðið að malbikaðri og hellulagðri lóð þar sem ekki er nægilegt rými fyrir öll þau börn sem þar eiga að dvelja. Ánað barna á of litlum leikvöllum spændi vitanlega upp allt graskyns og moldin þótti orðið of ósnyrtileg fyrir bæði heimili og skóla. Lausnin varð sem sagt að malbika yfir ósköpin og þar með má beita óendanlega á svæðið því lengi tekur malbikið við. Síðan er reynt að búa til nokkra hóla með ánægldum grasþökum til að veita inn örlitlum grænum lit – en oftast nær þarf að afgirða “náttúruna” svo að barnaskarinn traðki ekki allt niður eða grafi í sundur í ákafa sínum að nálgast náttúruna.

Þrengslin eru slík að hörgulsjúkdómarnir ofbeldi og einelti ná að skjóta rótum í malbikið og er börnunum kennt um þetta skipulagsslys vestrænnar menningar. Sannleikurinn er hins vegar sá að öll börn, bæði gerendur og þolendur í hörguleinkennunum, eru fórnarlömb ofbeitarinnar; þrengslin magna öll átök og árekstrar eru óumflýjanlegir.

Börn eru enn náttúruleg afurð

Leiktækin sem þóttu mikið undur fyrir nokkrum áratugum eru nú alls staðar finnanleg. Á leikvöllum og skólalóðum, við íbúðarblokkir og á opinberum svæðum og skemmtigörðum. Meira að segja á orlofshúsasvæðum er búið að setja upp leiktæki til að börnin þurfi ekki að hafa fyrir því að hugsa nýja hugsun, hvað þá að nota ímyndunaraflíð.

Eins ágæt og vönduð leiktæki eru, má ekki gleyma því að börn eru náttúruleg afurð! Okkar manngerðu tæknilausnir megna aldrei að veita sömu möguleika og náttúran sjálf – sem skóp sín skilgetnu afkvæmi. Leikur barna í leiktækjum veita ekki sömu fjölbreyttu líkamsþjálfunina og klifur og brölt í hrauni, grjóti og órækt. Leikir á sléttu malbiki veita ekki sömu þjálfun og gangur og hlaup á ósléttu. Leiktækin og slétta undirlagið gefur þannig aðeins hluta af líkamsþjálfuninni sem náttúrulegt útisvæði gefur, þ.e. leikir í grasi og túni, brölt í grjóti og órækt, sull í grasi og mold og glíma við síbreytilegt umhverfi náttúrunnar.

Umhverfisvænt umhverfi

Breytinga er þörf og svarið er sáraeinfalt. Börn þarfnast umhverfis sem er umhverfisvænt! Þau þurfa mikið rými, margfalt meira en þeim er nú úthlutað skv. skipulagi og hvar geta börn fengið rými ef ekki á Íslandi? Þau þurfa óheft aðgengi að náttúrulegum svæðum sem eru án hefðbundinna leiktækja og ef rýmið er nóg, mun náttúran þola umgang þeirra og umskapa sig eftir þörfum.

Nýleg, sænsk rannsókn hefur leitt í ljós að börn sem hafa verið á leikskóla þar sem er náttúrulegt útisvæði, stóðu sig betur en samanburðarhópur af hefðbundnum leikskóla. Má nefna að “náttúrubörnin” höfðu skarpari einbeitingu, betri grófhreyfingar og voru sjaldnar veik. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart og hafa frændþjóðir okkar í Norðurlöndum rekið fjölmarga “tækjalausa” leikskóla í náttúrulegu umhverfi til margra ára.

Hér á landi hefur lítið verið af markvissum tilraunum með að breyta umhverfi barna í þá veru að leyfa þeim að vera það sem þau eru; hluti raunverulegrar náttúru. Rýmið hefur verið tekið undir byggingar og bílastæði og við höfum treyst á tæknilausnirnar til að mæta öllum fjöldanum sem við beitum á manngerðu leiktækin og malbikið – eða guð og gaddinn eins og áður var sagt.

Alltaf er hægt að taka sér tak og dagurinn í dag er ekki verri en hver annar til þess þarfaverks að breyta afstöðu okkar til barna og náttúru. Við þurfum aðeins að taka okkur taki og gera umhverfi barna umhverfisvænt !!!

Margrét Pála Ólafsdóttir 10. apríl 1998

Birt í tímariti útgáfunnar „Leiðarljóss“ 1998